

tekið þessa ákvörðun um málefni félagsins fyrir hluthafafund. Hér er því sakarefni, sem samkvæmt eðli sínu sætir ekki lögsögu dómsins, og ber skv. 66. gr. laga nr. 85/1936 að vísa þessum kröfulið frá dómi.

Málskostnaður bíður efnisdóms í málinu.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Kröfum stefnenda á hendur hluthöfum í Fiskeldi h/f, sem ekki voru áskrifendur að hlutafé samkvæmt skrá, er fylgdi stofnsamningi félagsins 17. apríl 1980, er sjálfskrafa vísað frá dómi.

Lið 5 í dómkröfum stefnenda, „að hlutafjárauðning, sem ákveðin kynni að verða af þeim aðalfundi, verði boðin hluthöfum í hlutfalli við hlutafjáreign, sem nú er fyrir hendi orðin“, er vísað frá dómi.

Málskostnaður bíður efnisdóms í málinu.

Föstudaginn 18. desember 1981.

Nr. 78/1980. **Geir Gunnar Geirsson og**

Guðbjörn Guðjónsson

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Einari Matthíasi Einarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Víxilmál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr.

20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 7. s. m. Krefjast þeir þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefjast þeir ómerkingar dómsins og að málinu verði vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar. Til þrautavara krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu. Þá krefst áfrýjandinn Guðbjörn Guðjónsson þess enn fremur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld. Báðir krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Áfrýjendur hafa lagt fyrir Hæstarétt vottfesta, vélritaða yfirlýsingu, undirritaða af málsaðiljum 31. ágúst 1977, svohljóðandi:

„Undirritaðir, Gunnar Geirsson, Vallá, Kjalarnesi, og Guðbjörn Guðjónsson, Reykjavík, annars vegar, og Matthías Einarsson, Teigi, Mosfellssveit, hins vegar, lýsa því gagnkvæmt yfir, að enginn aðili á neina kröfu hvorki fjárhags né annars eðlis á hendur hinum í sambandi við afhendingu hinna fyrrnefndu til hins síðarnefnda á leigu Fuglabúsins að Teigi, Mosfellssveit, sbr. samning milli aðila um leigu á því.

Með undirritun sinni undir yfirlýsingu þessa staðfesta aðilar því, að Matthías hefur tekið við búinu með öllu, sem því fylgir og fylgja ber, í ástandi, sem hann sættir sig við og í samræmi við leigusamning aðila þar um.

Jafnframt afhendir Matthías þeim Gunnari og Guðbirni tryggingarvígil, sem hann hefur í vörslu sinni, til þess að tryggja efndir nefnds leigusamnings að upphæð kr. 2.000.

tvær

000,00 — einmilljón 00/100.-“

Í neðstu línu yfirlýsingarinnar hefur upphaflega staðið kr. 1.000.000,00 — einmilljón 00/100. Ofan í töluna 1 hefur verið handskrifaður tölustafurinn 2, og fyrir ofan orðið einmilljón hefur verið handskrifað orðið tvær, án þess að stríkað hafi verið yfir orðið einmilljón.

Áfrýjendur hafa ekki stutt kröfur sínar um ómerkingu,

frávísun og heimvísun haldbærum rökum. Verða þær því ekki teknar til greina.

Ekki verður með neinni vissu ráðið af framangreindri yfirlýsingu, að víxill sá, er mál þetta fjallar um, sé sami víxillinn og stefndi skyldi afhenda áfrýjendum samkvæmt henni. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð eru engir þeir gallar, sem leitt geta til þess, að hún verði úr gildi felld. Ber að staðfesta hana.

Eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur dæmdir óskipt til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eru staðfest.

Áfrýjendur, Geir Gunnar Geirsson og Guðbjörn Guðjónsson, greiði óskipt stefnda, Einari Matthíasi Einarssyni, 4.000.00 krónur í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 5. september 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 5. september, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 151/1979: Einar Matthías Einarsson gegn Geir Gunnari Geirssyni og Guðbirni Guðjónssyni í aukadómþingi Kjósarsýslu.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Einar Matthías Einarsson, Teigi, Mosfellssveit, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 24. apríl 1979 og 7. maí 1979, á hendur Geir Gunnari Geirssyni, Vallá, Kjalarnesi, og Guðbirni Guðjónssyni, Síðumúla 22, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð 2.000.000 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 31. ágúst 1978 til greiðsludags, 7.700 kr. í banka- og afsagnarkostnað auk málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Skuld þessi er samkvæmt víxli að fjárhæð 2.000.000 króna, útgefnum og ábóttum af stefnda Guðbirni 31. ágúst 1977 og samþykktum af stefnda Geir til greiðslu 31. ágúst 1978 í Iðnaðar-

banka Íslands h/f, Reykjavík, þar sem hann var afsagður sökum greiðslufalls 4. september 1978.

Af hálfu hinna stefndu hefur verið sótt þing í málinu og skilað greinargerð, en þingsókn hefur síðan fallið niður af þeirra hendi. Af hálfu hinna stefndu hefur verið krafist sýknu og málskostnaðar. Í greinargerðinni segir, að stefndi hafi ritað orðið tryggingarvígill á víxilinn og að þeir hafi þannig ritað á víxilinn með þeim fyrirvara, að þeim bæri ekki að greiða víxilinn, nema þeir reyndust vera í skuld við stefnanda um að minnsta kosti víxilfjárhæðina vegna skila á húsnæði, tækjum og bústofni alifuglabúsins að Teigi í Mosfellssveit við lok leigumálanna um búið samkv. því, sem nánar greinir í framlögðum skjölum.

Af hálfu hinna stefndu er því haldið fram, að þeir skuldi stefnanda ekkert af þessu tilefni, heldur þvert á móti, að hann skuldi þeim út af viðskiptum þessum.

Til stuðnings sýknukröfunni er vísað til ákvæða 26. og 19. gr. laga 93/1933.

Vígillinn ber með sér, að á hann hefur verið ritað orðið tryggingarvígill, en síðan hefur verið strikað yfir það orð.

Þingað var í málinu þann 28. júní sl., kl. 1330. Klukkan 1605 barst dómaranum í hendur svohljóðandi skeyti frá lögmanni stefndu.

„Vegna anna bið ég vinsamlegast um frestun sáttafundar Einari Einarssyni gegn Geir Gunnarssyni örstuttan tíma.“

Af þessu tilefni ritaði dómarrinn lögmanninum svohljóðandi bréf þann 29. júní 1979:

„Málið nr. 151/1979: Einar M. Einarsson gegn Geir Gunnarssyni o. fl. var dómtekið 28.6.1979 kl. 13:00. Skeyti yðar, dags. 28.6.1979, barst mér í hendur kl. 16:05 sama dag.

Þetta tilkynnist yður hr. lögmaður hér með.“

Afrit bréfsins var sent lögmanni stefnanda. Í bréfinu hefur misritast stund dómtökunnar, sem á að vera kl. 1400.

Vígillinn, sem lagður hefur verið fram í málinu, fullnægir skilyrðum 2. tl. 1. gr. laga 93/1933 svo og öðrum skilyrðum nefndrar 1. greinar víxillaga.

Varnir, sem varða viðskiptin á bak við víxilinn, komast ekki að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og aðrar varnir, sem koma má að í víxilmáli skv. nefndu ákvæði, hafa ekki komið fram í málinu.

Ekki verður talið, að kunnugt sé um, að þingsókn hafi fallið niður af hálfu hinna stefndu vegna forfalla, og þótt dómarrinn

hafi gefið lögmanni þeirra kost á að neyta heimildar 2. ml. 3. mgr. 118. gr. laga 85/1936, hefur hann ekki snúið sér til dómara með sönnun fyrir forföllum. Verður þá samkvæmt 2. ml. 2. mgr. 118. gr. nefndra laga að dæma málið eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu verjanda.

Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með formlega löglegri heimild sér til handa, og samkvæmt því og því, sem að framan er rakið, þykir bera að taka kröfur hans til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 250.000 kr.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Geir Gunnar Geirsson og Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnanda, Einari Matthíasi Einarssyni, 2.000.000 króna auk 3% vaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 31. ágúst 1978 til greiðsludags, 7.700 kr. í banka- og afsagnarkostnað og 250.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámserð fógætaréttar Reykjavíkur 1. nóvember 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 1. nóvember, var fógætaréttur Reykjavíkur settur að Kornagörðum 1 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A-2060/1979: Einar Matthías Einarsson gegn Guðbirni Guðjónssyni, Kleppsvegi 80.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm aukadómþings Kjósarsýslu í málinu nr. 151/1979. Nr. 1 fylgir með í ljósriti, nr. 2 fylgir með í afriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 2.000.000 með 3% mánaðarvöxtum frá 31. ágúst 1978 til greiðsludags, kr. 3.200 í birtingarkostnað, kr. 7.700 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 250.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt/greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í bifreiðinni R 66984, Moskvits, árgerð 1979. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.
Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 28. desember 1981.

Nr. 199/1978. Hreppsnefnd Landmannahrepps

f. h. hreppsins

(Páll S. Pálsson hrl.)

hreppsnefnd Holtahrepps f. h. hreppsins
eigendur og ábúendur jarða í Holtahreppi

hreppsnefnd Rangárvallahrepps

f. h. hreppsins

og

eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts
og Hóla í Rangárvallahreppi og

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

hreppsnefnd Skaftártunguhrepps

f. h. hreppsins

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkisins

(Sigurður Ólason hrl.)

og

fjármálaráðherra f. h. ríkisins

gegn

hreppsnefnd Landmannahrepps

f. h. hreppsins

hreppsnefnd Holtahrepps f. h. hreppsins

eigendum og ábúendum jarða í Holtahreppi

hreppsnefnd Rangárvallahrepps

f. h. hreppsins

eigendum og ábúendum jarðanna Næfurholts

og Hóla í Rangárvallahreppi og

hreppsnefnd Skaftártunguhrepps

f. h. hreppsins og svo

Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni og

Skúla J. Pálmasyni hæstaréttarlögmanni.

Eignardómsmál. Eignarréttur að afrétti. Málskostnaður.
Sératkvæði.